

EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR	3
UM OFBELDI	5
Ofbeldi í nánum samböndum	5
Lífið í athvarfinu	6
ÚR ATHVARFINU	7
Komutölur	7
Barnastarf	10
ÚR BARÁTTUNNI	20
Rannsókn Hildar Guðmundsdóttur	22
REKSTUR SAMTAKA UM KVENNAATHVARF	23

30 ára afmæli Kvennaathvarfsins, 6. desember 2012.



Afmælisgestir.



Guðrún Kristinsdóttir, ein af stofnendum Kvennaathvarfsins.



Nokkrar af starfskonum Kvennaathvarfsins.



Sigprúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir formaður Samtaka um kvennaathvarf



Afmælisgestir.

Aðalfundur Samtaka um Kvennaathvarf var haldinn í fundarsal Félags bókagerðarmanna við Hverfisgötu þann 24. maí 2012. Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum mættu þrír meðlimir úr hljómsveitinni Akadémiunni og skemmtu fundargestum.

Samkvæmt lögum Samtaka um kvennaathvarf er kosið til tveggja ára setu í stjórn en til eins árs í varastjórn. Þær Steinunn Stefánsdóttir stjórnarformaður og Þórdís Eygló Sigurðardóttir gjaldkeri, sem báðar höfðu setið í stjórn samtakanna um árabil, gengu úr stjórn árið 2012. Í þeirra stað voru Birna Þórarinsdóttir og Edda Ólafsdóttir kjörnar í aðalstjórn en báðar höfðu þær setið í varastjórn árið áður. Fríða Bragadóttir, Elva Dögg Ásu- og Kristinsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir sátu áfram í aðalstjórn. Barbara Kristvinsson og Jóna Sólveig Elínardóttir hlutu kosningu og komu nýjar inn í varastjórn Kvennaathvarfsins.

Stjórn skipti fljótlega með sér verkum. Þórdís Elva tók við stjórnarformennsku, Birna gerðist varaformaður, Elva Dögg gjaldkeri, Fríða ritari sem fyrr og Edda Ólafsdóttir meðstjórnandi. Hlutverk stjórnar Samtaka um kvennaathvarf er að móta stefnu athvarfsins. Hún er framkvæmdateymi og öðrum starfskonum athvarfsins bakland bæði varðandi dagleg verkefni í athvarfinu og þátttöku í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Stjórnin fundaði um það bil hálfsmánaðarlega, alls 22 sinnum árið 2012. Að venju sóttu konur í varastjórn fundi eftir því sem þær áttu kost. Milli funda áttu stjórnarkonur og framkvæmdateymi samskipti gegnum tölvupóst og síma eftir þörfum.

Þrjátíu ára afmælisár

Árið 2012 fór meirihluti tíma stjórnar í undirbúning undir fjáröflunarátakið Öll með tölu, sem haldið var í tilefni þess að bæði Samtök um kvennaathvarf og athvarfið sjálf

varð 30 ára. Markmiðið var að selja tölur til að safna fé fyrir stærra húsnæði. Upprunalega stóð til að ráðast í fjáröflunarátakið í apríl 2012. Þær fyrirætlanir fóru út um þúfur þegar sendingin með tölunum tók sex mánuði að berast til landsins frá framleiðendum í Kína. Því fór svo að áttakinu Öll með tölu var hleypt af stokkunum í september 2012 í stað apríl og stóð það yfir í tvær vikur. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var fyrst til að styðja átakið við hátiðlega athöfn í stjórnarráðinu og keypti hún tölur fyrir alla ríkisstjórnina. Sölustaðir voru verslanir og fyrirtæki um allt land, auk sölusíðunnar ollmedtolu.is. Sjálfboðaliðar sem stóðu söluvaktina auk frægðarfólks sem sat fyrir á auglýsingum átaksins voru líka ómissandi hjálparhellur. Verkefnastjóri átaksins var Jóna Sólveig Elínardóttir, sem hlaut kosningu í varastjórn eftir skörulega framgöngu í fjáröfluninni. Þrátt fyrir að hafa lítið fé til auglýsinga, og þótt önnur góðgerðarmál væru fyrirferðamikil í september, var hreinn hagnaður Öll með tölu á elleftu milljón króna og kom það fé sér vel við húsa kaupin, sem var næsta mál á dagskrá.

Kaup á nýju húsi

Tilboð í nýtt hús var samþykkt um miðjan október 2012 og undirbúningur fyrir flutningana hófst fljótlega. Kvennaathvarfinu tæmdist arfur eftir velunnara, sem hafði úrslitaáhrif svo húsa kaupin gætu orðið að veruleika. Þetta undirstrikar enn hve miklu máli frjáls framlög skipta rekstur Kvennaathvarfsins.

Árið 2013 fór af stað með allnokkru brambolti því í lok janúar flutti starfsemi Kvennaathvarfsins úr húsnæði sem hafði þjónað því í rúman áratug. Í nýja húsinu eru svefnherbergin tvöfalt fleiri en í því gamla, eða átta í stað fjögurra. Dvalarkonur og börn í nýja athvarfinu þurfa mun sjaldnar að deila



Tölusali

herbergi með öðrum og hafa betra næði. Flutningunum fylgdu töluvert álag því nýja húsið þarfnáðist þónokkurra viðgerða, sem standa enn yfir þegar þetta er ritað. Starfs- og dvalarkonur hafa því þurft að láta sér lynda hamarshögg og atgang í ötulu smíðateymi, sem unnið hefur sleitulaust mánuðum saman við að standsetja nýja athvarfið. Starfskonur hafa staðið sig með stakri þryði að halda úti óbreyttri þjónustu á þessu róstarsama tímabili og sanna enn á ný að mesti auður Kvennaathvarfsins er mannauðurinn. Framkvæmdateymið, sem samanstendur af rekstrarstýrunni Þórlaugu Jónsdóttur og fræðslu- og framkvæmdastýrunni Sigþrúði Guðmundsdóttur, á einnig einróma lof skilið fyrir það grettistak sem lyft hefur verið á einu annasamasta ári frá stofnun Kvennaathvarfsins. Samhliða stórfelldum breytingum var aðsóknin í athvarfið mikil og sjaldan hafa fleiri börn dvalið innan veggja

þess. Góð vísa er aldrei of oft kveðin og því verður seint hægt að hrósa starfskonum og stýrum athvarfsins nóg fyrir afrekin á undanfögnu ári.

Stórafmælisdagurinn

6. desember 2012

Þrjátíu ára afmælisdagur athvarfsins rann upp þann 6. desember og var haldinn hátíðlegur á Hallveigarstöðum. Margmenni mætti til að fagna þessum áfanga, þar á meðal borgarstjórinn Jón Gnarr og Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra. Sá síðarnefndi gaf Kvennaathvarfinu eina milljón króna í afmælisgjöf. Formaður stjórnar og framkvæmdastýra athvarfsins fluttu ávörp og Guðrún Kristinsdóttir, ein af stofnendum Kvennaathvarfsins, var með sögulega yfirferð í máli og myndum fyrir viðstadda. Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands, ræddi ofbeldi í mannlegum samskiptum og Heiðís Steinsdóttir, einn ötulasti sjálfboðaliði Kvennaathvarfsins, fór með nokkur orð um starfið. Þá settu kertaljós, kökur og hugljúf tónlistaratriði frá Bergljótu Arnalds, Birgi Þórisssyni og Sessý Magnúsdóttur svip sinn á þetta merka afmæli.

Hönnunaruppboð Kvennaathvarfsins

Samhliða Öll með tölu var haldin hönnunaráskorun, sem fólst í að hanna mun sem var innblásinn af Kvennaathvarfstölunum. Hönnuðir merkjanna Vík Þrjónsdóttir, Hring eftir Hring, Umemi, Hringa, Tóta, Hlín Reykdal, Élivogar og Kirsuberjatréd tóku áskoruninni og skiluðu af sér flikum, skarti, óróm, kertastjökum og fleira. Auk þess barst Kvennaathvarfinu gjöf frá dagsþjónustu fatlaðra við Gylfaflöt, en þátttakendur höfðu útbúið tíu tuskubrúður með Kvennaathvarfstölur í stað augna. Nokkrar brúðanna, auk áðurnefndra hönnunarmuna, voru svo seldir á rafrænu uppboði í samstarfi

við söluvefinn Bland.is. Álagið sem skapaðist við flutning Kvennaathvarfsins gerði að verkum að uppboðið frestaðist fram í apríl 2013 og ætti strangt til tekið heima í næstu ársskýrslu, en er reifað hér vegna þess að hugmyndin hófst árið 2012. Uppboðið gekk vel fyrir sig og hönnunarmunirnir seldust fyrir á þriðja hundrað þúsund króna. Aðstandendur Blands bættu um betur þegar þeir gáfu Kvennaathvarfinu 250.000 króna styrk. Alls safnaðist því hátt í sexhundrað þúsund krónur í heildina. Botninn var sleginn í uppboðið á eftirminnilegan hátt á morgunverðarfundum þann 9. apríl 2013, þegar hinir gamansömu Þörupiltar buðu upp einn meðlim hópsins. Hæstbjóðandi bauð gamlan bíl í skiptum fyrir þörupiltinn og var tilboðið umsvifalaust samþykkt, viðstöddum til mikillar skemmtunar.

Alvarleg staða dvalarkvenna

Árið 2012 dvöldu rúmlega 200 konur og börn í Kvennaathvarfinu. Tvær konur af hverjum þremur greindu frá því að þær hafi hlotið líkamlega áverka í sambandi sínu. Ástæða er til að ætla að um 40% kvennanna sem dvöldu í athvarfinu hafi snúið heim í óbreyttar aðstæður til ofbeldismannsins. Þetta er óvenju

hátt hlutfall og áhyggjuefni, ekki síst vegna þess að um 50 börn fóru að sama skapi heim í óbreyttar aðstæður með mæðrum sínum. Mögulega stafar þetta að einhverju leyti af erfiðri stöðu á húsnæðismarkaði, þar sem bið er eftir félagslegu húsnæði og hátt leiguverð gerir einstæðum foreldrum erfitt fyrir að ná endum saman. Aðeins 6% kvennanna fór heim í breyttar aðstæður, þar sem ofbeldismaðurinn var fluttur eða búinn að taka á ofbeldishegðun sinni. Mikil væri unnið með því að hækka þetta hlutfall, enda á enginn að þurfa að búa við ofbeldi á heimili sínu.

Stjórn Kvennaathvarfsins kann starfsfólki sínu bestu þakkir fyrir framúrskarandi störf við erfiðar aðstæður á liðnu ári, sem mun seint líða okkur úr minni. Þá ber einnig að þakka þeim fjöldamörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem lögðu hönd á plóg, öll með tölu, svo Kvennaathvarfið gæti fest kaup á stærra húsnæði. Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi heldur áfram og ósk okkar er sú að þetta hafi verið í síðasta sinn sem Kvennaathvarfið þurfi að stækka við sig.

F. h. stjórnar Samtaka um kvennaathvarf Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, formaður stjórnar

SAMTÖK UM KVENNAATHVARF - Um ofbeldi

Ofbeldi í nánnum samböndum

Undir hugtakið fellur líkamlegt, sálrænt og kynferðislegt ofbeldi auk ýmis konar hegðunar sem felur í sér stjórnun og þvinganir. Sérstaða ofbeldis í nánnum samböndum felst í því að ofbeldismaður og brotþoli tengjast nánnum böndum sem gerir ofbeldið enn sársaukafyllra en ella auk þess að gera brotþola erfiðara um vik að slíta tengsl við ofbeldismanninn. Samtök um kvennaathvarf tala um ofbeldi í

nánnum samböndum sem kynbundið ofbeldi til að undirstrika þá staðreynd að ofbeldi af þessu tagi er í yfirgnæfandi meirihluta tilfella ofbeldi karla gegn konum. Þar með er þó ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að karlar verða líka fyrir ofbeldi í nánnum samböndum.

Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi karla gegn konum merkir það hvers konar ofbeldisverknað sem á rætur í kynferði og veldur konum líkamlegum,

kynferðislegum og/eða sálrænum skaða eða þjáningum eða gæti gert það. Hugtækið nær einnig yfir hótanir um slíkan verknað svo og gerræðislega þvingun eða frelsissviptingu, hvort sem er á opinberum vettvangi eða í einkalífinu. Ofbeldi karla gegn konum felur því í sér ofbeldi sem kona verður fyrir af því að hún er kona eða ofbeldi sem í yfirgnæfandi meirihluta tilfella beinist að konum.

Kynbundið ofbeldi er stærsta heilsufarsvandamál kvenna í heiminum og á rætur að rekja til félagslegra yfirráða karla á flestum sviðum samfélagsins og þess hversu samtvinnuð valdinu kyngferfi karla er. Ofbeldi karla gegn konum er versta birtingamynd kynjamisréttis og baráttan gegn því er því óhjákvæmilegur hluti af jafnréttisbaráttunni í heild sinni.

Markmið Samtaka um kvennaathvarf er að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs, líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis og fyrir konur sem hefur verið nauðgað. Einnig að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi meðal annars til að auka skilning í samfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði brotþola.

Boðað var til stofnfundar Samtaka um kvennaathvarf 2. júní 1982 þar sem ákveðið

var að opna athvarf fyrir konur sem ekki gætu búið heima hjá sér vegna ofbeldis og 6. desember sama ár opnaði Kvennaathvarfið. Kvennaathvarfið á því 30 ára afmæli á þessu ári.

Fimm konur sitja í stjórn Samtaka um kvennaathvarf og tvær til vara. Þær eru kjörnar á aðalfundi samtakanna sem haldinn er í maí ár hvert. Þar eru einnig samþykktar grundvallarbreytingar á starfsemi Samtaka um kvennaathvarf. Haldnir eru stjórnarfundir á þriggja vikna fresti en oftast ef þörf er á. Þar hittast stjórn og framkvæmdateymi og bera saman bækur sínar en stjórnin ber ábyrgð á starfseminni í heild, tekur allar helstu ákvarðanir og leggur drög að starfi framkvæmdateymis. Í framkvæmdateymi sitja framkvæmdastýra og rekstrarstýra og bera þær ábyrgð á daglegum rekstri síns starfssviðs en vaktstýra annast daglega umsýslu í athvarfinu sjálfu. Að auki standa fimm starfskonur vaktina í Kvennaathvarfinu, sinna ráðgjöf og stuðningi við konur og börn og halda athvarfinu opnu allan sólarhringinn, árið um kring. Samtök um kvennaathvarf voru í upphafi grasrótarsamtök en árið 1995 var horfið frá því fyrirkomulagi og mynduð formleg samtök. Árið 2010 var stofnuð sjálfseignarstofnun um húseign Kvennaathvarfsins en rekstur athvarfsins helst óbreyttur.

Kvennaathvarfið býður brotapolum ferns konar þjónustu

- Dvöl fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis og dvöl fyrir konur sem hefur verið nauðgað.
- Ráðgjöf og stuðningsviðtöl þar sem konur sem búa eða hafa búið við ofbeldi í nánnum samböndum geta fengið stuðning og ráðgjöf án þess að til dvalar komi. Æskilegt er að hringja áður í síma 561 1205 og panta tíma.
- Símaráðgjöf þar sem konur geta fengið stuðning og ráðgjöf allan sólarhringinn. Einnig aðstandendur, fagaðilar og aðrir sem þurfa á upplýsingum um kynbundið ofbeldi að halda.
- Sjálfshjálparhópar þar sem konur sem hafa verið beittar ofbeldi styrkja sig í félagi við aðrar konur. Nauðsynlegt er að koma í stuðningsviðtal áður.
- Einnig býður Kvennaathvarfið upp á fræðslu og upplýsingar um ofbeldi í nánnum samböndum, svo sem til skóla, vinnustaða og félagasamtaka.

Oftast er einhver fyrirvari á komu kvenna og barna í Kvennaathvarfið. Lagður er metnaður í að taka vel á móti þeim og gefa þeim góðan tíma svo stuðningur athvarfsins nýtist sem best. Eftir fremsta megni er reynt að koma til móts við allar konur sem eru þolendur ofbeldis. Þó er, í einstaka tilfellum, ekki hægt að taka á móti konum í dvöl vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu eða ef andlegt eða líkamlegt ástand þeirra er þannig að stuðningurinn sem athvarfið býður upp á er ekki nægjanlegur eða viðeigandi miðað við þarfir þeirra. Konum er bent á önnur úrræði séu þau talin henta betur. Heimilisfangi

Kvennaathvarfsins er haldið leyndu því þar eiga konur að finna öryggi og skjól.

Lífið í athvarfinu

Í athvarfinu ríkir algjör trúnaður um það sem fer á milli starfskvenna og dvalarkvenna. Unnið er samkvæmt þeirri hugmyndafræði að konan er sérfræðingur í sínum málum og að hún þurfi aðeins tímabundna aðstoð til að takast á við aðstæður sínar og byggja upp líf án ofbeldis. Konum eru veitt stuðningsviðtöl á meðan á dvöl stendur og oft fá þær mikið út úr samskiptum við konur með svipaða reynslu. Konur fá fræðslu um ofbeldi og afleiðingar þess og ráðgjöf um sjálfsstyrkingu. Konurnar bera ábyrgð á börnum sínum en starfskonur og sjálfboðaliðar athvarfsins sinna þeim líka ef þörf krefur.

Starfskonur og dvalarkonur skipta með sér húsverkum. Fundir eru haldnir vikulega þar sem farið er yfir samskiptin í húsinu og líðan kvenna. Reglur gilda um háttatíma barna og reynt er eftir fremsta megni að skapa öryggi og festu í starfinu svo dvölin verði árangursrík og sambúð kvenna og barna sem þægilegust. Kvennaathvarfið er fallett og heimilislegt hús þar sem allir leggja sitt af mörkum til að vel gangi og reynt er að líkja eftir venjulegu heimilislífi.

Konur eru hvattar til að gefa sér tíma í athvarfinu til að ná áttum, hvílast og styrkjast. Þær fá aðstoð við að komast í samband við rétta aðila svo sem lögreglu, félagsþjónustu, lögfræðing og aðra fagaðila. Snyrtifræðingur veitir þjónustu með reglulegu millibili og aðrir sjálfboðaliðar sinna börnunum í athvarfinu; fara með þau í ýmsar skemmtiferðir og aðstoða við heimanám.



Eftir að dvöl lýkur geta konur áfram komið í stuðningsviðtöl eða tekið þátt í sjálfshjálparhópum til að styrkja sig enn frekar.

KOMUR Í KVENNAATHVARFIÐ 2004-2012

	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004
Komur samtals	739	671	864	605	549	470	712	557	531
Viðtöl	626	546	746	487	419	368	613	465	443
Dvöl	113	107	118	118	130	101	99	92	88
Dvalarkonur án barna	56	62	79	74	81	55	58	45	50
Dvalarkonur með börn	57	45	39	44	49	46	41	47	38
Fjöldi barna	87	67	54	60	77	68	57	76	55

Árið 2012 voru skráðar 113 komur í dvöl í Kvennaathvarfinu og 626 í viðtöl, alls 739 komur en þær hafa aðeins einu sinni í sögu athvarfsins verið fleiri á einu ári. Margar konur koma oftár en einu sinni, einkum þær sem koma í viðtöl en í heildina leituðu 324 konur í athvarfið á árinu. Hér eru ótalin viðtöl sem tekin eru við dvalarkonur en hver þeirra fær að lágmarki vikulegt viðtal. Á árinu voru starfræktir tveir sjálfshjálparhópar. Í sjálfshjálparhópunum vinna konur saman að því að takast á við afleiðingar ofbeldis og styrkja sig í samskiptum við konur með svipaða reynslu. Neyðarsími Kvennaathvarfsins er opinn allan sólarhringinn, allan ársins hring og þar er veitt ráðgjöf og stuðningur. Þangað hringja, auk kvenna eru eða hafa verið beittar ofbeldi, karlar sem eru beittir ofbeldi, aðstandendur brotþola og fagfólk.

Fjöldi kvenna sem leitar í Kvennaathvarfið segir ekki mikið til um umfang kynbundins ofbeldis hér á landi heldur frekar um það hvort konur þekki þjónustuna sem athvarfið býður upp á og séu tilbúnar til að nýta sér hana. Í árslok 2010 voru kynntar niðurstöður rannsóknar á ofbeldi gegn konum sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2008. Af þeim rúmlega 2.000 konum á aldrinum 18-80 ára sem tóku þátt í rannsókninni sögðust rúmlega 22% hafa verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi í nánú sambandi frá 16 ára aldri. Milli 1 og 2% kvenna höfðu verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu maka á undangengnum 12 mánuðum. Það jafngildir á bilinu 1200 til 2300 konum. Það er því ljóst að þessar 324 konur sem leituðu í athvarfið eru afar lítill hluti kvenna sem beittar voru ofbeldi á árinu.



Á árinu 2012 dvöldu 113 konur og 87 börn í Kvennaathvarfinu í allt frá einum degi og upp í 213 daga. Meðaldvöl kvenna varði í 20 daga en það er 5 dögum lengri meðaldvöl en árið á undan. Að jafnaði dvelja konur með börn lengur en barnlausar konur og konur


af erlendum uppruna lengur en íslenskar konur. Börn dvöldu að meðaltali í 24 daga. Að meðaltali dvöldu 6 konur og 6 börn í athvarfinu á degi hverjum en fjöldi dreifðist mjög misjafnlega yfir árið.

YFIRLIT, 1983 - 2012

Taflan sýnir yfirlit yfir starfsemi Kvennaathvarfsins frá 1. janúar 1983 og til ársloka 2012. Munurinn á fjölda koma og fjölda dvalarkvenna frá 1988 stafar af því að síðan þá hefur konum sem ekki dvelja í athvarfinu verið boðið upp á viðtöl.


	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Konur	151	178	147	135	114	154	152	179	217	372	375	395	283	368	395
1. sinn %	78%		55%	58%	59%	49%	60%	55%	62%	34%	47%	50%	39%	28%	33%
Áverkar %	39%		42%	27%	17%	23%	26%	26%	26%	22%	22%	21%	18%	13%	15%
Íbúar															
Konur	151	178	147	135	114	111	90	92	92	148	152	168	136	111	118
Börn	108	137	106	143	107	106	90	90	116	150	181	184	131	115	113
Samtals	259	315	253	278	221	217	180	182	208	298	333	352	264	226	231
Dvalardagar															
Konur	1222	2048	1580	1865	1037	1240	968	983	1631	2334	2726	3043	1771	2219	1764
Börn	1335	2272	1495	2851	1735	1136	920	1234	3251	3277	2726	4370	2455	2219	1907
Samtals	2557	4320	3075	4716	2772	2376	1888	2217	4882	5611	6387	7413	4226	5402	3671
Meðaltvöl/ dagar															
Konur	8	11	11	14	9	11	11	11	18	16	18	18	13	20	15
Börn	12	17	14	20	16	11	10	14	28	22	20	24	19	28	17
Konur á dag	3	6	4	5	3	3	3	3	5	6	8	8	5	6	5
Börn á dag	4	6	4	8	5	3	3	3	9	9	10	12	6	9	5
Íbúar á dag	7	12	8	13	8	6	6	6	14	15	18	20	11	15	10

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Konur	400	298	347	503	435	388	531	557	712	470	549	605	864	671	739
1. sinn %	28%	45%	42%	33%	44%	42%	33%	34%	45%	48%	61%	56%	54%	50%	56%
Áverkar %	16%	14%	18%	12%	13%	16%	34%	20%	23%	27%	24%	20%	26%	17%	18%
Íbúar															
Konur	114	117	95	97	55	73	88	92	99	101	130	118	118	107	113
Börn	98	80	61	74	41	59	55	76	58	66	77	60	54	67	87
Samtals	212	197	156	171	96	132	143	166	157	176	207	178	172	174	200
Dvalardegar															
Konur	1932	1265	950	848	435	819	1040	1313	1345	1563	2190	1346	1601	1599	2186
Börn	2254	1314	946	613	306	682	528	1227	1118	918	1334	563	992	1337	2071
Samtals	4186	2579	1896	1461	741	1501	1568	2540	2463	2481	3524	1909	2593	2936	4257
Meðaldvöl/ dagar															
Konur	17	11	10	9	8	11	12	14	14	16	17	11	14	15	20
Börn	23	8	16	8	7	12	10	16	20	14	18	10	18	23	24
Konur á dag	5	4	3	2	1	2	3	4	4	4	6	4	5	4	6
Börn á dag	6	4	3	2	1	2	1	3	3	3	4	2	3	4	6
Íbúar á dag	11	8	6	4	2	4	4	7	7	7	10	6	8	8	12



Við komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar um ástæðu þess að þær leita þangað. Langflestar nefna fleiri en eina ástæðu, þær sem nefna líkamlegt ofbeldi nefna til dæmis nánast alltaf andlegt ofbeldi líka enda er andlegt ofbeldi óhjákvæmilegur fylgifiskur líkamslegs ofbeldis. Við fyrstu komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar að því hvað hafi ráðið því að þær komu einmitt þann dag sem þær komu. Flestar segjast hafa

komið í kjölfar einstakra ofbeldistílfella en þó ekki endilega fyrsta tilfellis eða þess grófasta, aðrar segjast hafa komið í leit að ákveðnum upplýsingum sem þær vantaði einmitt á þeim tíma, hafa komið fyrir hvatningu einhvers eða vegna umfjöllunar í fjölmiðlum. Flestar segjar raunar að þegar þær komu hafi mælirinn einfaldlega verið fullur eða eins og ein orðaði það „það var andskotans nóg komið!“



Í rannsókn sem Elva Dögg Ásu og Kristinsdóttir gerði á gögnum Kvennaathvarfsins frá árunum 2001-2008 kom í ljós að á þessu tímabili var rúmlega helmingur ofbeldismannanna þáverandi eiginmenn, sambýlismenn eða kærastar brotþola en þriðjungur fyrrum eiginmenn, sambýlismenn eða kærastar. Einnig kom


í ljós að ofbeldismennirnir voru þversnið þjóðarinnar hvað varðar menntun og stöðu á vinnumarkaði. Margar konur búa við ofbeldi, ótta og öryggisleysi eftir að hafa slitið sambandi við ofbeldismann og raunar tekur ofbeldið oft á sig grófari myndir eftir að kona hefur gert alvöru úr því að fara frá ofbeldismanninum.

BÖRN


Árið 2012 komu 87 börn til dvalar með mæðrum sínum í Kvennaathvarfinu, 39 strákar og 48 stelpur. 27 af börnunum komu með íslenskri móður en 60 með móður af erlendum uppruna. Yngsta barnið var nokkurra vikna gamalt en það elsta 17 ára.

Meðalaldur barna var 6 ár. Unglingar dvelja gjarnan frekar en þau yngri hjá ættingjum eða vinum á meðan mæðurnar eru í athvarfinu, meðal annars til að eiga betra með að stunda skóla, félagsstarf eða umgangast vini sína.

ALDUR OFBELDISMANNA



ALDUR KVENNA



Árið 2012 komu í Kvennaathvarfið 324 konur á aldrinum 15-77 ára. Meðalaldur var 38 ár. Stúlkur sem ekki eru orðnar 18 ára koma stöku sinnum í viðtöl með samþykki forráðamanna og eru þá skráðar sem konur í viðtalsskýrslum en til dvalar koma þær eingöngu með mæðrum sínum og eru þá skráðar inn sem börn.

Ofbeldismennirnir voru á aldrinum 15-89 ára á þeim tíma sem konurnar komu í athvarfið. Meðalaldur þeirra var 42 ár, 4 árum hærri en meðalaldur brotaþola.

ÞJÓÐERNI OFBELDISMANNA 2010 - 2012

	2012	2011	2010
Ísland	80%	81%	73%
Evrópa	13%	13%	21%
Afríka	1%	1%	1%
Ameríka	2%	3%	3%
Asía	4%	2%	2%


Ofbeldismennirnir koma frá 26 löndum; 80% frá Íslandi, 13% frá öðrum Evrópulöndum og 7% frá löndum utan Evrópu.


ÞJÓÐERNI DVALARKVENNA 2008 - 2012

	2012	2011	2010	2009	2008
Ísland	66%	69%	68%	75%	71%
Evrópa	17%	21%	18%	13%	15%
Afríka	5%	4%	3%	4%	6%
Ameríka	5%	2%	4%	4%	3%
Asía	7%	4%	7%	4%	5%

Árið 2012 komu konur frá 37 löndum í Kvennaathvarfið. Erlendar konur koma frekar í dvöl en íslenskar konur eru meginhluti þeirra sem koma í viðtöl. Hlutfall erlendra kvenna er hærra í Kvennaathvarfinu en úti í samfélaginu og má að öllum líkindum rekja það til þess að erlendar konur eiga síður tengslanet fjölskyldu og vina og eiga því í færri hús að venda en íslenskar konur séu þær beittar ofbeldi á heimilum síum. Hátt hlutfall kvenna af erlendum uppruna gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi í nánnum samböndum. Samkvæmt rannsókn Hildar Guðmundsdóttur


vaktstýru Kvennaathvarfsins á aðstæðum kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið er mikill munur á upplifun og aðstæðum kvenna eftir landfræðilegum uppruna vegna reglugerðar um frjálst flæði vinnuafis innan EES. Staða þeirra sem koma frá löndum innan EES er að sumu leyti heldur auðveldari en hinna sem stundum eru háðar maka varðandi íslenskt atvinnuleyfi. Árið 2012 voru 66% kvenna sem notuðu þjónustu Kvennaathvarfsins íslenskar, 15% koma frá öðrum löndum innan EES og 19% frá löndum utan EES.






Þegar spurt er um líðan kvenna við komu í Kvennaathvarfið kemur í ljós að mikill meirihluti þeirra hefur þjáðst af margskonar andlegum og líkamlegum kvillum vikurnar áður en þær komu. Einnig kom í ljós að nær helmingur hefur greinst með langvarandi sjúkdóm síðan ofbeldið hófst, flestar með þunglyndi eða gigt af einhverju tagi. Um

18% voru með líkamlega áverka við komu í athvarfið en 62% höfðu áður hlotið líkamlega áverka í sambandinu. Flestar voru með mar, bólgur og skrámur en aðrar t.d. brunasár eða beinbrot. Margar segja andlegar afleiðingar ofbeldisins og enn sársukafyllri og meira langvarandi en þær líkamlegu.





Það kemur fram í komuskýrslum að 16% kvennanna höfðu kært ofbeldið til lögreglu. Nokkrar til viðbótar kærðu ofbeldið á meðan þær dvöldu í Kvennaathvarfinu eða í framhaldi af komu þangað en upp úr stendur að minnihluti brotþola kærir ofbeldið. Það kemur heim og saman við niðurstöður rannsóknar sem velferðarráðuneytið lét gera á líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gegn konum en þar sögðust 13% kvenna sem beittar höfðu verið ofbeldi hafa kært síðasta ofbeldistilfelli til lögreglu. Í rannsókninni voru konur jafnframt spurðar um ástæður þess að þær höfðu ekki kært og nefndu flestar að þeim hafi ekki þótt ofbeldið nógu alvarlegt. Konurnar sem koma í Kvennaathvarfið nefna gjarnan sömu ástæðu; telja ofbeldið ekki hafa verið nógu alvarlegt eða að þær


hafi átt einhvern þátt í því. Aðrar segja það erfiða ákvörðun að leggja fram kæru á hendur einhverjum svo nákomnum auk þess sem þær eru oft dauðhræddar við ofbeldismennina og óttast að ofbeldið muni aukast í kjölfar þess að þær leggi fram kæru. Fjöldi dóma yfir ofbeldismönnum hvetja konur heldur ekki til að sækja rétt sinn. Starfskonur Kvennaathvarfsins þrýsta ekki á konur að kæra en veita ráðgjöf varðandi kæruférlíð og hjálpa konum til að sjá alvarleika ofbeldisins. Einnig fá konur aðstoð við að komast í samband við lögregluna óski þær þess og margar hitta lögreglukonu sem er tengiliður Kvennaathvarfsins við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og er með viðtalstíma í athvarfinu eftir því sem þurfa þykir.

BÚSETA KVENNA

	2012	2011	2010	2009	2008	2007
Reykjavík	53%	55%	52%	57%	53%	61%
Höfuðborgarsvæðið	26%	20%	24%	22%	24%	20%
Suðurnes	6%	6%	7%	6%	7%	6%
Vesturland	3%	4%	3%	3%	3%	5%
Norðurland	3%	5%	3%	4%	2%	2%
Austurland	0%	0%	1%	1%	1%	1%
Suðurland	2%	3%	4%	3%	5%	3%
Erlendis	3%	3%	3%	1%	1%	1%
Ekki vitað	5%	4%	3%	3%	4%	1%

Kvennaathvarfið er eina athvarfið sinnar tegundar á Íslandi og þjónar því landinu öllu. Konur utan af landi fá oft styrk frá félagsþjónustunni í sínu sveitarfélagi til að komast í Kvennaathvarfið en þó er ljóst að erfiðara er fyrir konur fjarri

höfuðborgarsvæðinu að nýta sér þjónustu athvarfsins. Konur sem ekki hafa tök á því að koma í viðtöl eru boðin símaviðtöl og einnig leita konur í vaxandi mæli eftir ráðgjöf í gegn um tölvupóst.



Starfskonur Kvennaathvarfsins setja sig alla jafna ekki í samband við konur eftir að dvöl lýkur en konurnar eru hvattar til að hafa samband sjálfar hafi þær þörf fyrir það. Af þessum sökum er svolítið tilviljanakennt hversu mikið vitað er um stöðu kvenna sem lokið hafa dvöl í athvarfinu. Áhyggjur vekur hið háa hlutfall kvenna sem fór heim í óbreyttar aðstæður en auk þeirra sem vitað

er að fóru aftur til ofbeldismannsins má reikna með að allnokkur hluti þeirra kvenna sem ekki er vitað hvert fóru hafi farið heim í óbreytt ástand. Enn sem fyrr vekur athygli hversu lítill hluti fer heim í breyttar aðstæður þar sem ofbeldismaðurinn er farinn að heiman, farinn í áfengismeðferð eða meðferð fyrir ofbeldismenn eða að öðru leyti byrjaður að vinna í sínum málum.

Barnastarf

Reynt er að auðvelda börnum komu og dvöl í Kvennaathvarfi þó enda eru þau ekki síður í kreppu en mæðurnar. Þau upplifa oft tilfinningar eins og ótta, varnarleysi, einangrun, sjálfsásökun, skömm og ótímabæra ábyrgð. Stefnt að því að barnið eigi góðar stundir í athvarfinu og leggja þar margir hönd á plóginn. Við Kvennaathvarfið starfar góður hópur sjálfboðaliða sem sinna barnastarfi í athvarfinu. Barnastarfið er skipulagt út frá aðstæðum hverju sinni og miðar að því að börnin fái tilbreytingu og skemmtilegar upplifanir. Sjálfboðaliðarnir velja afþreyingu í samræmi við aldur barnanna, ef aðstæður leyfa er farið út, til dæmis í Húsdýragarðinn, í keilu eða sund auk þess sem leikhúsin í borginni hafa verið iðin við að bjóða á sýningar. Ef aðstæður bjóða ekki upp á útveru er aðstaða í athvarfinu til að vera með börnin í ýmsum verkefnum

svo sem að leika, mála eða spila. Starf sjálfboðaliðanna er mikilvægur þáttur í starfsemi Kvennaathvarfsins og til þess fallið að auka lífsgæði barna sem þar dvelja. Einnig miðar barnastarfið að því að mæðurnar í athvarfinu fái tíma fyrir sig sjálfar og að því að skapa ró í húsinu um stund. Starfskonur hafa leitað leiða til að innleiða aukna þjónustu við börn með þeim árangri að líðan barnanna og aðstæðum er nú í auknum mæli gefinn gaumur. Árið 2012 naut Kvennaathvarfið að auki þjónustu tilraunaverkefnis á vegum Barnaverndarstofu, barnaverndarnefnda og lögreglu á höfuðborgarsvæðinu en í því fólst að meðal annars að sérfræðingur á vegum verkefnisins, oftast Ragna Guðbrandsdóttir, hitti stóran hluta þeirra barna sem kom í athvarfið á árinu, ræddi við þau og mat þörf þeirra fyrir áframhaldandi þjónustu.

Eitt af markmiðum Samtaka um kvennaathvarf er að efla fræðslu og umræðu um ofbeldi í nánnum samböndum og stuðla að auknum skilningi á eðli og afleiðingum þess. Það er starfskonum Kvennaathvarfsins því bæði ljúft og skylt að verða við beiðnum um fræðslu um kynbundið ofbeldi og starfsemi athvarfsins. Á síðasta ári var rætt við nemendur fjölmargra framhaldsskóla, Lögregluskólans, Alþjóðlega jafnréttisskólans, Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Listaháskóla Ísland. Ýmist fór fræðslu- og framkvæmdastýra samtakanna í skólana eða hópur nemenda kom í athvarfið. Einnig sótti athvarfið heim starfsfólk frá Bandaríska sendiráðinu, hópur af lettneskum lögreglumönnum, hjúkrunarfræðingar af Neyðarmóttöku, starfskonur frá Stígamótum og Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins. Framkvæmdastýra talaði á fræðslufundi fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, á ráðstefnu árveknisverkefnis gegn ofbeldi á Suðurnesjum og á málþingi á Akureyri um heimilisofbeldi á vegum Jafnréttisstofu. Hildur Guðmundsdóttir vaktstýra tók þátt í pallborðsumræðum á málþingi Jafnréttishúss um aðstæður erlendra kvenna auk þess sem hún sat ráðstefu Nordiske kvinner mot vold en hún var að þessu sinni haldin í Helsinki og fjallaði um ofsóknir. Framkvæmdastýra tók þátt í fundaröð UNICEF um forvarnir í barnavernd og í samráðshópi innanríkisráðuneytisins um klám.

Framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf situr í stjórn verkefnisins Karlar til ábyrgðar og í Jafnréttisráði þar sem samtökin deila sæti með Stígamótum. Einnig sat framkvæmdastýra á árinu í Sérfræði- og samhæfingarteymi ríkisstjórnarinnar um mansal en skipunartími þess teymis rann út í árslok. Samtök um kvennaathvarf eiga fulltrúa í ýmsum óformlegum félagsskap svo sem hópnem Allar heimsins konur, Skottunum sem eru regnhlífarsamtök íslenskra kvennasamtaka, undirbúningshópum vegna 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi og baráttufundar á alþjóða baráttudegi kvenna og í teymi um málefni fólks af erlendum uppruna. Líkt og fyrri ár voru samtökin umsagnaraðilar í skýrslu Bandaríska sendiráðsins um mannréttindi með áherslu á mál sem snerta mansal.

Hildur Guðmundsdóttir vaktstýra lauk rannsókn sinni „Erfitt að vera ein en líka erfitt að vera með honum“. Hvert fara konur af erlendum uppruna eftir dvöl í Kvennaathvarfinu og hvað segja þær um þjónustuna? Til rannsóknarinnar fékkst styrkur úr Þróunarsjóði innflytjendamála.

Kvennaathvarfið leitast við að eiga gott samstarf við fjölmiðla og var nokkuð í fjölmiðlaumræðu á árinu, einkum í tengslum við fjáröflunarátakið Öll með tölu ,30 ára afmæli og húsakaup.

Erfitt að vera ein og líka erfitt að vera með honum

Á vordögum 2012 birtu Samtök um kvennaathvarf niðurstöður rannsóknar undir heitinu „Erfitt að vera ein og líka erfitt að vera með honum.“ Rannsóknin byggir á gögnum Kvennaathvarfsins og reynslu nokkurra kvenna af erlendum uppruna sem hafa nýtt sér þjónustu þess. Þróunarsjóður innflytjendamála gerði rannsóknina mögulega með styrkveitingu og fær velferðarráðuneytið bestu þakkir fyrir.

Markmið rannsóknarinnar er í fyrsta lagi að svara þeirri spurningu hvort aðstæður kvenna af erlendum uppruna, og ekki síst þeirra utan EES, leiði til þess að þær fari oftarm heim í óbreytt ástand eftir dvöl í Kvennaathvarfinu en íslenskar konur. Í öðru lagi er sjónum beint að þjónustu og aðstoð sem konurnar hafa aðgang að og þá sérstaklega Kvennaathvarfsins. Tilgangur þess er að skoða í framhaldi hvernig hægt sé að bæta aðstoð Athvarfsins við þennan hóp kvenna.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 72% kvenna frá löndum innan EES eiga maka af sama uppruna og þær sjálfar en konur utan EES búa oftast með íslenskum manni. Þær fara hlutfallslega oftarm heim í óbreytt ástand en konur frá löndum innan EES, eða 43% á móti 25%. Hugsanlega má tengja þennan mun

til ólíkra búseturéttinda á Íslandi. Meirihluti kvenna, óháð uppruna, fer í nýjar aðstæður eða heim í breyttar aðstæður eftir dvöl.

Konurnar í rannsókninni eru flestar ánægðar með þá þjónustu sem þær hafa notið, hvort heldur er utan eða innan Kvennaathvarfsins. Nokkrar gagnrýna hana og ber þá einna hæst vandamál sem tengjast sambúð með öðrum konum, aðstöðu í húsi Athvarfsins og menntun starfskvenna. Þakklæti í garð Kvennaathvarfsins og annarra þjónustuaðila kemur víða fram í rannsóknargögnum. Áhugasamir geta kynnt sér niðurstöður rannsóknarinnar á heimasíðu Kvennaathvarfsins (kvennaathvarf.is – útgáfa - skýrslur).

Undirrituð sá um framkvæmd rannsóknarinnar. Aðalbjörg Heiður Björgvinsdóttir, sálfræðingur og starfskona, og Sigprúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, veittu góða hjálp og ómetanlegan stuðning.

Fyrir áhugasama má finna rannsóknina á www.kvennaathvarf.is/utgafa

Hildur Guðmundsdóttir, mannfræðingur og vaktstýra í Kvennaathvarfinu

Lykiltölur úr ársreikningi 2012

Tölur úr ársreikning fyrir 2011 eru birtar til samanburðar.

	2012	2011
Rekstrartekjur	58.958.682	53.049.757
Rekstrargjöld	67.384.310	59.030.017
Tekjuafgangur (tap) án vaxta	(8.425.628)	(5.980.260)
Fjármunatekjur	947.464	462.091
Óreglulegar tekjur	30.148.633	0
Tekjuafgangur (tap) ársins	22.670.469	(5.518.169)
Eignir í árslok		15.148.167

Í fljótu bragði mætti ætla að rekstur athvarfsins hefði gengið einstaklega vel og skilað tæpum 22,7 milljónum í afgang. Því miður er sú niðurstaða fjarri köldum raunveruleikanum og niðurstaða sem snýr að rekstrinum er sú, að tap ársins, áður en tekið er tillit til vaxtatekna er 8,4 milljónir. Framlög frá opinberum aðilum hækkuðu þó verulega eða úr 49,8 milljónum í 57,1 milljón. Bæði daggjöld og gjafir lækkuðu nokkuð að undanskildum arfi sem athvarfinu barst eftir hjónin Þórð Guðnason og Ingu Ástu Eiríksdóttur að fjárhæð 20 milljónir. Rekstrartekjur hækkuðu um nærri 5 milljónir, en útgjöldin hækkuðu um 8,3 milljónir.

Helsta skýring þess mikla hagnaðar sem ársreikningurinn sýnir hjá athvarfinu er sá, að allar tekjur og gjöld fara þar í gegn og birtast t.d. bæði fjáröflunarverkefnið og arfurinn athvarfsmegin. Þessum peningum er síðan varið til endurbóta á nýja húsinu okkar, sem er eign Sjálfseignarstofnunarinnar, en það var vitað þegar til kaupanna var stofnað, að mjög miklar viðgerðir og endurbætur þyrftu að fara fram til að húsið nýttist til fulls. Það eru því tekjur sem aflað var sérstaklega til húsakaupanna sem eru að sýna þessa afkomu. Um næstu áramót munu þessar viðbótartekjur athvarfsins birtast sem eign hjá Sjálfseignarstofnuninni.

Gjafir, áheiti og óreglulegar tekjur.

Hvatinn að því að ráðist var í kaup á hentugra húsnæði fyrir athvarfið var sá, að sæmdarhjónin Þórður Guðnason Inga Ásta Einarsdóttir arfleiddu kvennaathvarfið að fjórðundi eigna sinna og nam fjárhæðin 20 milljónum.

Í framhaldi af því var ákveðið að efna til fjáröflunar og varð að ráði að seldar skyldu tölur, undir kjörorðinu „Öll með tölu“ og söfnuðust rúmlega 10 milljónir í því átaki.

Ýmsir aðrir urðu til þess að færa athvarfinu gjafir og skiptast þær þannig:

10 ára útskriftarágangur MR	170.000.-
Soroptomistaklúbbur Rvk.	150.000.-
Freydís Jónsdóttir	100.000.-
Reykjavíkumaraþon	95.800.-
Gott málefni	92.000.-
Einar Egill Halldórsson	25.000.-
Ásdís Ólafsdóttir	12.500
Aðrir	75.262
Samtals:	720.562.-

Ársreikningur

Rekstrarstyrkir

Rekstrarstyrkir frá opinberum aðilum til Kvennaathvarfsins árið 2012.

	2012	2011
Ríkissjóður	43.600.000	38.200.000
Reykjavíurborg	11.000.003	9.000.000
Akranesbær	200.000	200.000
Akureyri	200.000	200.000
Bolungarvík	20.000	20.000
Fjarðabyggð	75.000	75.000
Garðabær	400.000	300.000
Grindavík	50.000	30.000
Grímsnes- og Grafningshreppur	0	50.000
Hafnarfjörður	0	200.000
Hveragerði	120.000	120.000
Höfn í Hornafirði	130.000	130.000
Ísafjörður	30.000	30.000
Kópavogur	700.000	700.000
Kristnisjóður	300.000	300.000
Mosfellsbær	50.000	60.000
Rangárþing Eystra	100.000	0
Seltjarnarnes	50.000	50.000
Seyðisfjörður	10.000	25.000
Skagafjörður	80.000	80.000
Dalvík/Árskógssandur	50.000	0
Samtals styrkir	57.165.003	49.870.000
Rekstrargjöld samtals:	67.384.310	59.030.017
Hlutfall styrkja af rekstrarkosnaði	85%	84%